

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Suðurbyggðar A.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 10. maí 2006 tillögu að deiliskipulagi í Suðurbyggð A á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 18. janúar 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Tillagan var auglýst frá 9. febrúar til og með 9. mars 2006 með athugasemdafresti til og með 23. mars 2006.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Með birtingu auglýsingar þessarar fellur úr gildi áður auglýst deiliskipulag fyrir Suðurbyggð A á Selfossi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar þann 11. september 2002.

Selfossi, 3. júlí 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006